

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 20. júní 2019

14. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Silfrastaðir og hefst fundur klukkan 20.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Þorkell Gíslason og Hrefna Jóhannesdóttir.

Fundargerð

1. Samningar milli svf. Skagafjarðar og svf. Akrahrepps

Samstarfssamningur milli svf. Skagafjarðar og svf. Akrahrepps ræddur. Einnig samningur vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa á milli sveitarfélaganna.

2. Úrbætur á húsnæði Varmahlíðarskóla 2019

Lögð fram bókun 40. fundar samstarfsnefndar með Svf. Skagafirði frá 14. júní 2019. Beinir samstarfsnefndin því til byggðarráðs svf. Skagafjarðar og hreppsnefndar Akrahrepps að samþykka viðhaldsverkefni við Varmahlíðarskóla að fjárhæð 5 milljónir króna.

Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir verkefnið.

3. Yfirlýsing frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Stofnfundur samráðsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið Sp, sem fram fór í Reykjavík 19. júní 2019, skorar á sveitarstjórnir um allt land að standa að yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Hreppsnefnd Akrahrepps tekur undir og gerir yfirlýsinguna að sinni:

Hreppsnefnd Akrahrepps fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Hreppsnefnd Akrahrepps telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Hreppsnefnd Akrahrepps lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun hreppsnefndin beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.

4. Önnur mál

Engin önnur mál og fundi slitið klukkan 23.00